

Stjórnarfundur no 4, 2011/2012

Þriðjudaginn 2. ágúst 2011 kl. 18.30 kom stjórn félagsins saman á skrifstofu félagsins. Undirritaðir voru mættir.

1. 32. þing AN 7. og 8. október á Illugastöðum

Félagið á rétt á að senda 18 fulltrúa. Einar Hjartarson, Einar Pálsson, Eiður Stefánsson, Friðbjörg Jóhannsdóttir, Anna María Elíasdóttir, Hildur Tryggvadóttir. Skrifstofunni falið að fá fleiri fulltrúa.

2. Framkvæmdir á 3ju hæð

Búið er að setja niður verktíma, en auglýsa á útboð í þessari viku. Úlfhildur gerði grein fyrir framkvæmdunum.

3. LÍV vinnustofa

verður á Egilsstöðum 8. og 9. september n.k. um kjarasamningana fyrir starfsfólk verslunarmannafélaga.

Skrifstofan mun loka þá daga.

4. Stefnumótunarfundur LÍV

verður haldinn á Akureyri 13. og 14. október n.k. Úlfhildur gerði grein fyrir þessum fundi.

5. Fjallaferðin 13. ágúst n.k.

Einar Hjartarson umsjónarmaður ferðarinnar fór yfir ferðaáætlun.

6. Íbúðir í Reykjavík

Úlfhildur gerði grein fyrir stöðu mála í nýju íbúðunum í Mánatúni 3-5, en þær eru nokkuð á eftir áætlun í byggingu. Fjalað var um kaup á innbúi í íbúðirnar og skrifstofunni falið að sjá um það.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Hildur Tryggvadóttir
Friðbjörg Jóhannsdóttir, Einar Pálsson, Árni Þorvaldsson, Anna María Elíasdóttir.

Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.